

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 18. – 19. nóvember 2019

Dagana 18 til 19. nóvember 2019 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Samkvæmt svörum þeirra á eftir að ráða í 25,5 grunnstöðugildi í leikskólum, 14,55 stöðugildi í grunnskólum og 8,4 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 25,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun¹. Þess ber að geta að nú í haust jókst starfsmannapörf um 34 stöðugildi miðað við síðasta ár þar sem leikskólarýmum fjölgaði um 66 í viðbótarhúsum við fjóra leikskóla (14 stöðugildi) og barngildi 5 ára barna breyttust úr 0,9 í 1 (20 stöðugildi). Þegar miðað er við starfsmannafjölda leikskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 98,4% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 14,55 stöðugildi. Þess ber að geta að nú í haust var áætluð aukin starfsmannapörf um 18 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda. Þegar miðað er við starfsmannafjölda grunnskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 99,3% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 8,4 stöðugildi. Þegar miðað er við starfsmannafjölda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva í maí á þessu ári er búið að ráða í 98,2% stöðugilda.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfssemi og borgarhlutum.

**Staða ráðninga 19. nóvember
2019**

Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
Leikskólar	8,0	6,0	2,5	5,5	3,5	25,5
Grunnskóla	3,5	2,8	4,4	1,0	2,9	14,55
Frístundaheimili/sértæk félagsmiðstöð	0,0	0,5	1,0	2,5	4,4	8,4
Fjöldi stn í fríst.starfi	0	1	2	12	10	25

¹Auk þeirra 25,5 stöðugildis sem á eftir að ráða í leikskóla nú í nóvember miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 7,25 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 9,8 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,5 í önnur störf, samtals 17,55 stöðugildi.


Leikskólar

Í leikskólana á eftir að ráða í 25,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss. Þessi stöðugildi skiptast svo á starfsheiti: 2 stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra, 3 stöðugildi deildarstjóra, 9,5 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 2 stöðugildi sérkennslustjóra og 9 stöðugildi í stuðning.

Auk þeirra 25,5 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í nóvember miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 7,25 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 9,8 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,5 í önnur störf, samtals 17,55 stöðugildi. Vert er að taka fram að af þessum 8 stöðugildum sem vantar í Árbæ- Grafarholt vantar 4 stöðugildi í leikskólahluta Dalskóla. Fullmannað er í Dalskóla eins og er, en stefnt er að því að taka nýtt húsnæði í notkun um ármótin og því er farið að auglýsa eftir starfsmönnum.

Eins og fram hefur komið fjölgaði stöðugildum í leikskólum um 34 í haust vegna stækkunar leikskóla og breytinga á barngildum.

Í stöðumati frá 22. október 2019 átti eftir að ráða í 35,7 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss.



Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 átti eftir að ráða í 32 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Auk þess átti eftir að ráða 12,5 stöðugildi í afleysingu.

18. nóvember 2019 er búið að ráða í 98,4% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 12. nóvember 2018 var búið að ráða í 97,9% stöðugilda.


Grunnskólar

Í grunnskólana vantar núna 14,55 stöðugildi, þar af 6,4 stöðugildi kennara, 3,15 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 3 stöðugildi skólaliða, 1 stöðugildi þroskaþjálfara og 1 stöðugildi í mötuneyti.

Þess má geta að samkvæmt tölum um nemendafjölda 1. október sl. eru 135 fleiri nemendur núna en á síðasta ári sem eykur starfsmannþörf um u.þ.b. 18 stöðugildi.

Í stöðumati frá 14. október 2019 vantaði í grunnskólana 23,1 stöðugildi, þar af 10,8 stöðugildi kennara, 4 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 5,3 stöðugildi skólaliða og 3 stöðugildi þroskaþjálfara.

Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 vantaði 19,3 stöðugildi alls, 7 stöðugildi kennara, 6,6 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 4,7 stöðugildi skólaliða og 1 stöðugildi í önnur störf



Í nóvember 2019 er búið að ráða í 99,3% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 12 nóvember 2018 var búið að ráða í 99,1 % stöðugilda.


Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 25 starfsmenn í 8,4 stöðugildi. Af 8,4 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 3,4 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmennum og eru það 15 starfsmenn.

Í stöðumati frá 14. október 2019 vantaði í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar 46 starfsmenn í 22,4 stöðugildi.

Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 vantaði 42 starfsmenn í 21,3 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Hlutfall mönnunar í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum haustin 2018 og 2019



Í nóvember 2019 var búið að ráða í 98,2% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 var búið að ráða í 94% stöðugilda.

Þann 19. nóvember 2019 var búið að sækja um fyrir 4.197 börn í frístundaheimili og 147 börn í sértaekar félagsmiðstöðvar, samtals 4344 umsóknir. Á biðlista eru núna 7 börn, búið er að samþykkja 4.336 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértaekar félagsmiðstöðvum og þar af 42 í hlutavistun.